



Reykjavíkurborg
Menntasvið

GREINING Á STARFI:

STUÐNINGSFULLTRÚAR

Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR



DESEMBER 2006



**Gagnadeild
Menntasviðs**

GREINING Á STARFI:
STUÐNINGSFULLTRÚAR
Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR

Umsjón könnunar og skýrsluskrif:
Sigurbjörg J. Helgadóttir

Í samvinnu við:
Hildur Björk Svavarsdóttir

Menntasvið Reykjavíkurborgar
Desember 2006

Efnisyfirlit

INNGANGUR	5
FRAMKVÆMD	5
NIÐURSTÖÐUR	6
ÞÁTTTAKENDUR	6
STARFSUMHVERFI	9
ATRÍÐI ÚR STARFSLÝSINGU STUÐNINGSFULLTRÚA	11
UPPLÝSINGAFLÆÐI	17
FRUMKVÆÐI OG KRÖFUR Í STARFI	18
NÝLIÐAKYNNING OG ÞJÁLFUN	21
SAMSKIPTI VIÐ YFIRMENN	24
STARFSÁNÆGJA	26
SAMANTEKT	27
LOKAORÐ	28
HEIMILDASKRÁ	30
VIÐAUKI 1	31
VIÐAUKI 2	32
VIÐAUKI 3	34

Myndir

MYND 1. STARFSLUTFALL SEM STUÐNINGSFULLTRÚI	7
MYND 2. STARFSALDUR	8
MYND 3. GERÐ SKÓLA	9
MYND 4. SKIPTING STUÐNINGSFULLTRÚA Á SKÓLASTIG.....	10
MYND 5. SKIPULAG VINNUNNAR	11
MYND 6. UNNIÐ SAMKVÆMT LEIÐBEININGUM EÐA ÁÆTLUNUM KENNARA	12
MYND 7. UNNIÐ MEÐ HEGÐUN OG SAMSKIPTI NEMENDA	13
MYND 8. AÐSTOÐ VIÐ NEMENDUR.....	14
MYND 9. ÞÁTTTAKA Í GERÐ VINNUÁÆTLANA EÐA FUNDUM VEGNA NEMENDA.....	15
MYND 10. UPPLÝSINGAFLÆÐI TIL STUÐNINGSFULLTRÚA	17
MYND 11. TÆKIFÆRI TIL AÐ ÁKVEÐA HVERNIG STARFIÐ VAR FRAMKVÆMT	18
MYND 12. RAUNHÆFAR KRÖFUR TIL STUÐNINGSFULLTRÚA	19
MYND 13. HVE VEL ÞEKING OG HÆFILEIKAR STUÐNINGSFULLTRÚA NÝTTUST Í STARFINU	20
MYND 14. HVERNIG STARFIÐ VAR KYNNT ER STUÐNINGSFULLTRÚAR HÓFU STÖRF	21
MYND 15. NÆGILEG ÞJÁLFUN Í STARFI SEM STUÐNINGSFULLTRÚI.....	22
MYND 16. Í HVERJU STUÐNINGSFULLTRÚARNIR TÖLDU SIG ÞURFA MEIRI ÞJÁLFUN.....	23
MYND 17. YFIRMAÐUR STUÐNINGSFULLTRÚA SAMKVÆMT SKIPURITI SKÓLANS	24
MYND 18. HVER STÝRIR DAGLEGU STARFI STUÐNINGSFULLTRÚA	25
MYND 19. HVERSU VEL STUÐNINGSFULLTRÚUM LÍKAR VIÐ STARF SITT	26

Töflur

TAFLA 1. SÍÐASTA LOKAPRÓF.....	6
TAFLA 2. NÁM FYRIR STUÐNINGSFULLTRÚA.....	6
TAFLA 3. ATRÍÐI ÚR STARFSLÝSINGU SEM STUÐNINGSFULLTRÚAR TÖLDU EKKI EIGA VIÐ STARF SITT	16

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum úr könnun á störfum stuðningsfulltrúa í grunnskólum Reykjavíkur sem gerð var vorið 2006.

Mikil fjölgun stuðningsfulltrúa hefur orðið innan grunnskóla Reykjavíkur á síðustu árum. Samkvæmt *Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 1998* voru 63 stuðningsfulltrúar starfandi í 46,6 stöðugildum en í *Stefnu og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2006* kemur fram að stuðningsfulltrúar innan grunnskóla Reykjavíkur voru þá 184 í 143,2 stöðugildum. Þetta er mikil aukning og því full ástæða til að skoða og greina störf stuðningsfulltrúa í grunnskólum með það í huga að skoða hvernig störf þeirra nýttust í skólunum, hver væru helstu verkefni þeirra og hvernig samstarfi þeirra við aðra starfsmenn væri háttað. Stuðningsfulltrúar eru nýleg starfsstétt sem er að fóta sig í grunnskólanum og því mikilvægt að skoða viðhorf þeirra til starfsins.

Stuðningsfulltrúar í grunnskólum eru hluti af stuðningskerfi skólans. Sérstaklega er þar átt við stuðning við nemendur með sérþarfir vegna námsvanda, líkamlegrar fötlunar og atferlisvanda. Stuðningsfulltrúar eru til aðstoðar í bekkjarstofum og annars staðar í skólanum auk þess sem þeir fylgja nemendum um skólann eftir þörfum.

Í *Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 1998* var sett fram það markmið að á næstu árum yrði áherslum í sérkennslu einkum beint að því að endurskoða starfshætti og aðferðir, í þeim tilgangi að árangur þjónustunnar verði sem bestur. Í framhaldi af því var *Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu* samþykkt í fræðsluráði Reykjavíkur 22. október 2001 og í borgaráði í janúar 2002. Meginleiðarljós hennar er skóli án aðgreiningar, þ.e. skóli með þjónustu fyrir alla nemendur bæði fatlaða og ófatlaða. Í því felist m.a. að hver skóli sé fær um að sinna öllum nemendum sínum, svo sem kostur er, tekið á sérkennsluþörfum og erfiðleikum sem upp kunna að koma í skólanum. Samkvæmt stefnunni eru stuðningsfulltrúar mikilvægur liður til að unnt sé að framkvæma þetta.

Framkvæmd

Gagnaöflun átti sér stað frá 27. apríl til 2. júní 2006. Þátttakendur voru starfandi stuðningsfulltrúar í grunnskólum Reykjavíkurborgar þann 1. apríl 2006.

Stuðningsfulltrúarnir fengu sendan spurningalista í tölvupósti (Outcome vefkönnun) þar sem spurt var um starfssvið, samstarf, einstök verkefni þeirra í grunnskólunum og um símenntun. Spurningarnar í listanum voru meðal annars byggðar á starfslýsingu stuðningsfulltrúa sem samþykkt var á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur árið 1999 (sjá viðauka 1) og niðurstöðum rannsóknar Ágústas Ólasonar á starfi stuðningsfulltrúa í grunnskólum árið 2005.

Niðurstöður

Pátttakendur

Pátttakendur voru allir starfandi stuðningsfulltrúar í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Af 167 stuðningsfulltrúum sem fengu sendan spurningalistann bárust 106 svör. Svörun alls var því um 64%.

Af þeim sem svöruðu voru 96 konur og 9 karlar og fæðingarár svarenda var frá 1943-1985.

Í töflu eitt má sjá hvert er lokapróf svarenda.

Tafla 1. Síðasta lokapróf

	Fjöldi stuðningsfulltrúa	Hlutfall stuðningsfulltrúa
Barnaskólapróf	6	6%
Gagnfræðapróf/landspróf	26	27%
Stúdentspróf	18	18%
Iðnskólapróf	11	11%
Háskólapróf	5	5%
Annað	32	33%
Alls	98	100%

Þeir sem merktu við annað sem lokapróf voru í framhaldi af því spurðir hvaða nám það væri sem þeir hefðu lokið. Mikill meirihluti nefndi þá nám fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa eða nám fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum.

Af svörum stuðningsfulltrúa má ráða að þeir höfðu fjölbreyttan námslegan bakgrunn og má þar á meðal nefna atvinnuflugmannspróf, háskerapróf, hússtjórnar og húsmóðurskólapróf, píanókenningarpróf, sjúkraliðapróf, verslunarpróf, skrifstofutækni og einnig voru nokkrir í námi við Kennaraháskóla Íslands.


Spurt var sérstaklega um hvort stuðningsfulltrúar hefðu lagt stund á nám sem er sérsniðið fyrir stuðningsfulltrúa (t.d. í Borgarholtsskóla eða öðrum sambærilegum skólum) og má sjá niðurstöðurnar úr því í töflu tvö.

Tafla 2. Nám fyrir stuðningsfulltrúa

	Fjöldi stuðningsfulltrúa	Hlutfall stuðningsfulltrúa
Hefur lokið því námi	37	36%
Hefur lokið hluta af því námi	20	19%
Nei	47	45%
Alls	104	100%

Rúmlega helmingur svarenda hafði annað hvort lokið hluta af því námi eða lokið því alveg. Þessi niðurstaða bendir til þess að mikill hluti stuðningsfulltrúa hafi áhuga á starfinu og vilji búa sig sem best undir það.


Á mynd 1 má sjá starfshlutfall svarenda sem stuðningsfulltrúar.



Mynd 1. Starfshlutfall sem stuðningsfulltrúi

Þar má sjá að rúmlega helmingur stuðningsfulltrúa var í 50-75% starfi sem stuðningsfulltrúi. Um fjórðungur var í 76-99% starfi og aðeins um 16% voru í fullu starfi sem stuðningsfulltrúar. Í framhaldi af því lék forvitni á að vita hvort stuðningsfulltrúar væru í öðrum störfum innan skólans (t.d. sem skólaliðar eða starfsmenn í mötuneyti) til að auka starfshlutfall sitt og kom í ljós að um 27% stuðningsfulltrúanna voru í öðru starfi innan skólans til að auka starfshlutfall sitt. Þetta gæti bent til þess að rúmlega fjórðungur stuðningsfulltrúa hefði áhuga á herra starfshlutfalli sem stuðningsfulltrúi en nú býðst.

Á mynd 2 má sjá starfsaldur þátttakenda sem stuðningsfulltrúar.




Mynd 2. Starfsaldur

Þar má sjá að flestir þeir stuðningsfulltrúar sem svöruðu könnuninni höfðu allnokkra starfsreynslu sem slíkir. Tæplega 75% þeirra höfðu starfað sem stuðningsfulltrúar í tvö ár eða lengur og að um 28% stuðningsfulltrúa höfðu starfað sem slíkir í sex ár eða lengur.

Starfsumhverfi


Á mynd 3 má sjá við hvernig skóla stuðningsfulltrúarnir unnu.



Mynd 3. Gerð skóla

Flestir stuðningsfulltrúarnir unnu við heildstæðan skóla eða skóla með yngsta og miðstig.

Á mynd 4 má sjá hvaða árganga stuðningsfulltrúarnir unnu helst með.




Mynd 4. Skipting stuðningsfulltrúa á skólastig

Merking mátti við fleiri en einn svarmöguleika og því eru prósentutölur í heildina hærra en 100%.

Sjá má að mikill meirihluti stuðningsfulltrúanna vann helst með nemendum á yngsta stigi, 1.-4. bekk, og um helmingur þeirra vann með 5.-7. bekk. Aðeins um 11% stuðningsfulltrúa unnu með 8.-10. bekk. Þetta er í takt við áherslurnar sem koma fram bæði í *Stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu* sem kom út árið 2002 og í starfslýsingu stuðningsfulltrúa. Þar er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun til fyrirbyggja frekari námsvanda síðar og að starf stuðningsfulltrúa með nemendum hafi það að markmiði að draga smám saman úr þörf nemanda/nemenda á stuðningi í þeim tilvikum þar sem það er hægt.

Spurt var um skipulag vinnu og eins og sjá má á mynd 5 var það með töluvert ólíkum hætti þó stærsti hópurinn eða um 40% stuðningsfulltrúa fylgdi nokkrum nemendum í mismunandi bekkjum eða hópum.



Mynd 5. Skipulag vinnunnar

Næst algengast var að stuðningsfulltrúarnir fylgdu einum bekk eða hóp allan skóladaginn. Hjá tæplega einum fimmta stuðningsfulltrúa var þetta mismunandi eftir dögum. Um 15% prósent sögðust fylgja einum nemanda allan vinnutímann.


Atriði úr starfslýsingu stuðningsfulltrúa

Í apríl 1999 var samþykkt á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur starfslýsing fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum Reykjavíkur. Það var stefna Fræðslumiðstöðvar að skilgreina betur starf stuðningsfulltrúa og var gerð starfslýsingar liður í því starfi. Settur var á stofn sex manna samráðshópur til að vinna þá starfslýsingu. Í þeim hópnum voru fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, starfsmannastjóri, kennsluráðgjafi og ráðgjafi. Einnig voru fulltrúi frá Skólastjórafélagi Reykjavíkur og tveir fulltrúar stuðningsfulltrúa. Starfslýsing þessi hefur verið höfð til hliðsjónar við gerða áætlana um símenntun samhliða starfi og starfsmenntabrautar fyrir verðandi stuðningsfulltrú í samvinnu við Borgarholtsskóla.

Ákveðið var að biðja þátttakendur í þessari rannsókn að merkja við atriði úr starfslýsingunni til að reyna að meta breytingar á starfssviði. Merkja átti við hvort þeir sinntu þessum atriðum daglega, tvisvar til þrisvar í viku, mánaðarlega eða aldrei. Einnig var gefin svarmöguleikinn „á ekki við“ því ekki var búist við því að hver og einn stuðningsfulltrúi sinnti öllum neðangreindum verkefnum í starfi sínu. Á næstu myndum eru niðurstöður þessarar greiningar

flokkaðar eftir verkefnum. Prósentutölur á þeim myndum eiga aðeins við þá stuðningsfulltrúa sem töldu þessi atriði vera hluta af starfi sínu.


Á mynd 6 eru þau atriði þar sem stuðningsfulltrúar unnu *samkvæmt leiðbeiningum eða áætlunum kennara*.



Mynd 6. Unnið samkvæmt leiðbeiningum eða áætlunum kennara

Flestir stuðningsfulltrúarnir unnu daglega eða tvisvar til þrisvar í viku að því að aðstoða nemendur undir leiðsögn kennara við að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá eða einstaklingsnámskrá. Næst var það aðlagun verkefna að getu nemandans samkvæmt leiðbeiningum kennara, að sinna öðrum nemendum þegar kennari er að sinna nemanda eða nemendum með sérþarfir, vinna eftir áætlun umsjónarkennara og að vinna eftir áætlun einhvers annars (t.d. sérkennara).

Á mynd 7 má sjá svörun stuðningsfulltrúa um þau atriði úr starfslýsingunni sem tengjast hegðun nemenda og samskiptum við þá.




Mynd 7. Unnið með hegðun og samskipti nemenda

Hér má sjá að hegðunarmótun var mjög áberandi í starfi stuðningsfulltrúa. Nær allir stuðningsfulltrúarnir sinntu því á hverjum degi að aðstoða nemendur við að fylgja reglum um hegðun og umgengni í skólanum. Einnig sinntu um 66% stuðningsfulltrúa því á hverjum degi að styrkja jákvæða hegðun nemenda samkvæmt umbunakerfi. Einnig var nokkuð um það að stuðningsfulltrúar væru að vinna gegn neikvæðri hegðun nemenda með því að veita áminningar og/eða fylgja þeim tímabundið afsíðis.

Allflestir sinntu því einnig á hverjum degi eða tvisvar til þrisvar í viku að ýta undir færni og sjálfstæði nemenda í námi og daglegum störfum, með því að hvetja þá til að gera sjálfir og hrósa þeim.


Á mynd 8 eru þau atriði starfslýsingarinnar sem tengjast *aðstoð við nemendur*, s.s. að aðstoða nemendur við að klæðast og matast eða leiðbeina um rétt vinnubrögð sem og að fylgja þeim utan kennslustofu.



Mynd 8. Aðstoð við nemendur

Tæplega 70% stuðningsfulltrúa fylgdu eða aðstoðuðu nemendur daglega í ferðum þeirra um skólann og tæplega 25% stuðningsfulltrúa sögðust sinna þessu tvisvar til þrisvar í viku. Tæplega 60% aðstoðuðu nemendur daglega við athafnir daglegs líf og leiðbeindu um rétt vinnubrögð og líkamsbeitingu. Um 24% stuðningsfulltrúa sinntu þessum atriðum tvisvar til þrisvar í viku.

Á mynd níu kemur fram *þátttaka í áætlanagerð og fundum vegna nemenda*, s.s.hve oft stuðningsfulltrúar tóku þátt í foreldrafundum eða samstarfsfundum og gerð vinnuáætlana fyrir nemendur.



Mynd 9. Þátttaka í gerð vinnuáætlana eða fundum vegna nemenda

Í starfslýsingu stuðningsfulltrúa kemur meðal annars fram að stuðningsfulltrúar skuli sitja fag- og foreldrafundi eftir því sem við á. Því vakti það athygli að um 27% stuðningsfulltrúa sátu aldrei undirbúningsfundi og um 34% stuðningsfulltrúa sátu aldrei foreldrafundi. Aðeins rúmlega 20% þeirra sátu þessa fundi alltaf og um 18-26% stundum. Enn færri stuðningsfulltrúar tóku þátt í gerð vinnuáætlana vegna nemenda en um 45% stuðningsfulltrúa gerðu það aldrei og aðeins um 16% alltaf.

Sem fyrr segir var einnig gefin svarmöguleikinn „á ekki við“ því ekki var búist við því að hver og einn stuðningsfulltrúi sinni öllum neðangreindum verkefnum úr starfslýsingu stuðningsfulltrúa í starfi sínu. Í töflu 3 má finna þau atriði úr starfslýsingu stuðningsfulltrúa sem stuðningsfulltrúar merktu við að *ættu ekki við* þeirra starf og því má ætla að þeir telji þessi atriði ekki vera inni á þeirra ábyrgðarsviði.

Tafla 3. Atriði úr starfslýsingu sem stuðningsfulltrúar töldu ekki eiga við starf sitt


	Hlutfall stuðningsfulltrúa
Hve oft aðstoðar þú nemendur (sem eru ófærir um það) við að klæast, matast eða aðrar athafnir daglegs lífs?	25%
Hve oft fylgist þú með og leiðbeinir um rétt vinnubrögð og líkamsbeitingu nemenda, s.s. notkun skriffæra o.fl.?	19%
Hve oft vinnur þú að því að styrkja jákvæða hegðun nemenda samkvæmt umbunakerfi?	13%
Hve oft vinnur þú eftir áætlun einhvers annars (t.d. sérkennara)?	12%
Hve oft vinnur þú eftir áætlun umsjónarkennara?	11%
Hve oft leitast þú við að styðja nemendur í félagslegum samskiptum utan kennslustofu?	10%
Hve oft aðstoðar þú nemendur við að fylgja reglum um hegðun og umgengni í skólanum?	10%
Hve oft leitast þú við að styðja nemendur í félagslegum samskiptum innan kennslustofu?	9%
Hve oft sinnir þú öðrum nemendum í bekknum ef kennari er að sinna nemanda eða nemendum með sérþarfir?	8%
Hve oft vinnur þú gegn neikvæðri hegðun með áminningum og/eða fylgir nemanda tímabundið afsíðis?	8%
Hve oft fylgir/aðstoðar þú einn eða fleiri nemendur í ferðum þeirra um skólann, frímínútum eða vettvangsferðum?	7%
Hve oft aðstoðar þú nemendur, undir leiðsögn kennara, við að ná markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá eða einstaklingsnámskrá?	6%
Hve oft tekur þú þátt í gerð vinnuáætlana vegna nemenda?	6%
Hve oft aðlagar þú verkefni að getu nemandans samkvæmt leiðbeiningum kennara?	5%
Hve oft situr þú fundi með foreldrum (þegar við á)?	3%
Hve oft situr þú samstarfsfundi/undirbúningsfundi (þegar við á)?	3%
Hve oft vinnur þú að því að ýta undir færni og sjálfstæði nemenda í námi og daglegum störfum, með því að hvetja til að gera sjálfir og hrósa þeim?	1%

Um 25% stuðningsfulltrúa töldu það ekki innan síns verkahringis að aðstoða nemendur við að klæðast, matast eða aðrar athafnir daglegs lífs. Og um 10-13% stuðningsfulltrúa töldu einhvers konar hegðunarmótun á nemendum ekki vera hluta af þeirra starfi.

Í ljósi niðurstaðna á myndum 6-9 og töflu 3 má segja að almennt hafi starfslýsing stuðningsfulltrúa staðist nokkuð vel. Það sem er helst ábótavant er að stuðningsfulltrúar taki meiri þátt í samstarfsfundum og foreldrafundum, sem og áætlanagerð vegna nemenda sinna.

Upplýsingaflæði

Gott upplýsingaflæði í vinnu er talin ein af forsendum þess að geta sinnt starfi sínu á sem bestan hátt. Á mynd 10 kemur fram að um fjórðungur stuðningsfulltrúa taldi sig alltaf fá fullnægjandi upplýsingar um mikilvæga atburði og breytingar innan skólans er vörðuðu starf þeirra sem og fullnægjandi upplýsingar til þess að þeir gætu sinnt starfi sínu.



Mynd 10. Upplýsingaflæði til stuðningsfulltrúa

Um helmingur stuðningsfulltrúa taldi sig stundum fá fullnægjandi upplýsingar og á milli 20-30% sagðist sjaldan fá fullnægjandi upplýsingar.


Sérstaka athygli vekur að 2-5% stuðningsfulltrúa sögðust aldrei fá fullnægjandi upplýsingar um mikilvæga atburði eða breytingar innan skólans er vörðuðu starf þeirra eða upplýsingar til þess að þeir gætu sinnt starfi sínu. Hér má velja því fyrir sér hvað það er sem veldur. Er það vegna þess að ekki er alltaf skýrt hvaðan upplýsingarnar varðandi þessi mál eigi að koma og því missi þessir aðilar af þessum upplýsingum eða er það vegna þess að upplýsingaveitu innan skólans er ábótavant?

Spurt var hvort stuðningsfulltrúarnir fengju tíma til að skoða og kynna sér það námsefni sem nemendur þeirra unnu með. Í ljós kom að aðeins um 35% stuðningsfulltrúa fékk tíma til þess. Tæplega 60% sögðust ekki hafa fengið tíma til þess.

Þegar spurt var hvort stuðningsfulltrúarnir þekktu markmið og stefnu skólans, t.d. í kennsluháttum sögðust tæplega 85% þeirra þekkja markmiðin. Tæplega 4% stuðningsfulltrúa sögðu þetta ekki eiga við í þeirra starfi. Þó má velja því fyrir sér hvort ekki sé alltaf nauðsynlegt að þekkja markmið og stefnu skólans, þó ekki sé unnið beint eftir þeim.

Frumkvæði og kröfur í starfi

Spurt var að því hvort stuðningsfulltrúarnir hefðu tækifæri til þess að ákveða sjálfir hvernig starf þeirra væri framkvæmt og má sjá niðurstöðurnar á mynd 11.




Mynd 11. Tækifæri til að ákveða hvernig starfið var framkvæmt

Tæplega fimmtungur stuðningsfulltrúa sagðist alltaf hafa haft tækifæri til þess að ákveða sjálfir hvernig starf þeirra væri framkvæmt og um 57% sögðust stundum hafa haft tækifæri til að ákveða það.

Rúmlega fimmtungur svarenda sögðust sjaldan eða aldrei ákveða sjálf hvernig starf þeirra væri framkvæmt. Almenn er viðurkennt innan vinnusálfræði að það sem skiptir mestu máli fyrir starfsánægju og frammistöðu er að hafa þá tilfinningu að viðkomandi ráði því sjálfur hvernig hann vinnur vinnuna sína (Karasek, 1979) en niðurstöðurnar hér sýna þó ekki fram á nein bein tengsl á milli ánægju með starf (sbr. mynd 19) og þess að ákveða sjálfur hvernig starfið er framkvæmt. Þó má einnig velta því fyrir sér hvort sú niðurstaða sé ekki eðlileg miðað við það að starf stuðningsfulltrúa er að vera öðrum til aðstoðar. Í því felst að aðrir ráði töluvert miklu um framkvæmd starfsins og stuðningsfulltrúarnir séu þá sáttir við það.

Forvitni lék á að vita hvort stuðningsfulltrúar teldu að gerðar væru raunhæfar kröfur til þeirra í starfi og eins og sjá má á mynd 12 töldu um 62% stuðningsfulltrúa að alltaf væru gerðar raunhæfar kröfur til þeirra í starfi.



Mynd 12. Raunhæfar kröfur til stuðningsfulltrúa


Um þriðjungur stuðningsfulltrúa sögðu að stundum væru gerðar raunhæfar kröfur til þeirra í starfi og aðeins um 3% sögðu að sjaldan væru gerðar raunhæfar kröfur.

Þeir stuðningsfulltrúar sem töldu að ekki væru alltaf gerðar raunhæfar kröfur til þeirra voru í framhaldi af því spurðir hvaða kröfur það væru sem þeir teldu vera óraunhæfar. Þetta var opin spurning og sjá má svörin hér:

- Að ég geti gert hlutinn t.d. að taka bekk og vera með ein, ekki með kennara.
- Að vera með of marga erfiða nemendur (5-6 nem)
- Að vera ráðin sem stuðningsfulltrúi en í raun vinna sem leiðbeinandi og kenna. Í jóla og páskafríum er ég látin vinna í tiltekt, flutning á húsgögnum og bókum og þess háttar störfum sem mér finnst ekki vera í mínum verkahring.
- Að þegar auka kennarar koma við sögu lendir of mikið á stuðningsfulltrúanum og hann fær ekkert aukalega fyrir þannig vinnubrögð. Það er ávallt verið að brjóta á okkur.
- Ég er ekki sérkennari eða þroskaþjálfari og þess vegna ekki hægt að gera kröfur um þekkingu á fötlun nemenda.
- Ég þyrfti að fá meiri upplýsingar um vandamál barnanna sem ég á að styðja í skólanum, þannig gæti ég hjálpað þeim betur.
- Ekki nóg undirbúningstími eftir kennslu með kennurunum sem maður vinnur mest með. Myndi nýtast best eftir kennslu og hækka starfshlutfallið upp í 100 % vinnu.
- Kemur fyrir að stuðningsfulltrúi leysir kennara af í kennslu. Þó bara ef hann treystir sér til. Það passar því ekki alltaf.

- Kennarar fá „göt“ á milli tíma en við eingöngu kaffi og mat. Erum líka úti í frímínútum.
- Ljósrita mikið.
- Vera á mörgum stöðum á sama tíma.
- Vera með heilann bekk í forföllum.
- Verkefnagerð fyrir einstaklingsbundið nám. Fæ ekki þann tíma sem ég þarf í það og er stundum með of marga einstaklinga til að hugsa um.
- Vinna án undirbúnings.
- Það þyrfti að vera tíma til að skoða námsefni svo við kæmum meira undirbúnað í tímana.
- Þegar ég er beðin um að fara inn á verksvið annarra.

Þá voru stuðningsfulltrúarnir spurðir að því hvort þeir teldu að þekking þeirra og hæfileikar nýttust vel í starfinu. Á mynd 13 má sjá að rúmlega helmingur stuðningsfulltrúa taldi svo alltaf vera. Um 44% stundum og aðeins um 1% sjaldan.



Mynd 13. Hve vel þekking og hæfileikar stuðningsfulltrúa nýttust í starfinu


Þeir stuðningsfulltrúar sem ekki merktu við alltaf voru þá spurðir hvaða þekking og hæfileikar það væru sem ekki nýttust alltaf í starfinu. Þetta var opin spurning og sjá má svörin hér:

- Þekking mín frá stuðningsfulltrúaskólanum mætti nýtast með því að ég fengi meira frumkvæði af og til og að vera með í undirbúning fyrir veturinn.
- Hæfileikar mínir til að útbúa sérverkefni, vantar tíma til undirbúning og samvinnu.
- Háskólanám mitt að hluta.
- Mætti nýta betur með samráði og undirbúningi.
- Til dæmis námið frá Borgarholtsskóla.

Nýliðakynning og þjálfun

Þegar byrjað er í nýju starfi er talið mikilvægt að viðkomandi sé settur vel inn í starfið, til dæmis með því að fara yfir starfslýsingu fyrir þetta tiltekna starf og kynna í hverju starfið felst.

Á mynd 14 má sjá að aðeins hjá tæplega þriðjungi stuðningsfulltrúa var bæði farið yfir starfslýsingu stuðningsfulltrúa og kynnt í hverju starfið væri fólgið, við upphaf starfs.




Mynd 14. Hvernig starfið var kynnt er stuðningsfulltrúar hófu störf

Hjá tæplega helmingi var aðeins kynnt í hverju starfið væri fólgið og hjá 9% stuðningsfulltrúa var aðeins farið yfir starfslýsingu stuðningsfulltrúa.

Það sem vekur sérstaka athygli er að hjá 17% stuðningsfulltrúa var hvorki farið yfir starfslýsingu stuðningsfulltrúa né kynnt í hverju starfið væri fólgið. Það vekur upp spurningar um það hvernig þessir aðilar eigi að geta sinnt starfi sínu sem skildi, ef ekki hafa verið lagðar línur í upphafi um það, í hverju starfið felst.

Vorið 2005 var gerð Vinnustaðagreining af hálfu Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur hjá öllum grunnskólum Reykjavíkur. Þar var spurt hvort að nýir starfsmenn fengu nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma og kom í ljós að sú starfsstétt innan grunnskólanna sem taldi mest vanta þar upp á voru stuðningsfulltrúar.

Í framhaldi af þessu voru stuðningsfulltrúarnir spurðir hvort þeir teldu sig hafa hlotið nægilega þjálfun í starfi sínu sem stuðningsfulltrúar. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 15.




Mynd 15. Nægileg þjálfun í starfi sem stuðningsfulltrúi

Athugið að merkja mátti við öll atriðin á myndinni.

Þar kemur fram að um 77% stuðningsfulltrúa voru mjög eða frekar sammála því að þeir hefðu hlotið næga þjálfun í starfi. Um 14% svöruðu hvorki né og um 9% voru frekar ósammála því að þeir hefðu hlotið næga þjálfun.

Þá voru þeir stuðningsfulltrúar sem ekki merktu við mjög sammála á mynd 15 spurðir að því í hverju þeir teldu sig þurfa meiri þjálfun. Niðurstöðurnar má sjá í mynd 16.



Mynd 16. Í hverju stuðningsfulltrúarnir töldu sig þurfa meiri þjálfun

Það sem skoraði hæst (63%) var agastjórnun en það er í samræmi við niðurstöðurnar á mynd 7 þar sem sjá mátti að hegðunarmótun var mjög áberandi í starfi stuðningsfulltrúa. Nær allir stuðningsfulltrúarnir sinntu því á hverjum degi að aðstoða nemendur við að fylgja reglum um hegðun og umgengni í skólanum. Því kemur ekki á óvart að stuðningsfulltrúarnir telji sig þurfa frekari þjálfun hvað þetta varðar.

Einnig taldi mikill hluti stuðningsfulltrúa sig þurfa meiri þjálfun varðandi börn með námsörðugleika, ofvirk börn, barnasálfræði og börn með fatlanir.


Um 15% stuðningsfulltrúa merktu við annað og þeir voru þá beðnir um að segja hvað það væri sem þeir teldu sig þurfa þjálfun í. Þar kom meðal annars eftirfarandi fram:

- Alltaf tilbúin að læra meira um fatlanir og sérþarfir barna.
- Börn með lestrarörðugleika.
- Meira samstarf við kennara.
- Skyndihjálp, meira um ofnæmi og sykursýki.
- Skyndihjálp, sjálfsvörn.
- Táknmál.
- TMT. Tákn með tali.
- Það væri gott að geta kynnt sér námsefni með góðum fyrirvara, ekki meðan á námi hjá börnunum stendur.
- Þyrfti að fá betri upplýsingar um þarfir og hvað að er hjá börnunum sem eru í minni umsjá.

Samskipti við yfirmenn

Samkvæmt starfslýsingu stuðningsfulltrúa er yfirmaður þeirra skólastjóri en skólastjóri felur kennara eða kennurum daglega verkstjórn.

Á mynd 17 kemur fram hver var yfirmaður stuðningsfulltrúa samkvæmt skipuriti skólans og á mynd 18 hver það var sem stýrði daglegu starfi stuðningsfulltrúa.




Mynd 17. Yfirmaður stuðningsfulltrúa samkvæmt skipuriti skólans

Samkvæmt skipuriti var yfirmaður sérkennslu yfirmaður hjá um helmingi stuðningsfulltrúa og skólastjóri var yfirmaður hjá um 30% stuðningsfulltrúa. Deildarstjóri/stigsstjóri var yfirmaður hjá um 9% og aðstoðarskólastjóri hjá um 6%.

Nokkrir stuðningsfulltrúar nefndu aðra aðila sem yfirmenn samkvæmt skipuriti. Má þar nefna eftirfarandi:

- Er á reiki.
- Fer eftir börnum og verkefnum hvers árs. Ef um sérkennslubarn er að ræða er það sérkennari.
- Húsvörður og aðstoðarskólastjóri.
- Umsjónarkennari.
- Yfirmaður sérkennslu og skólastjóri.
- Þroskaþjálfari.



Mynd 18. Hver stýrir daglegu starfi stuðningsfulltrúa


Oftast voru það umsjónarkennari eða yfirmenn sérkennslu sem stýrðu daglegu starfi stuðningsfulltrúa. Aðrir komu þar minna við sögu.

Þó sögðu um 9% stuðningsfulltrúa að annar stýrði daglegu starfi þeirra. Spurt var hverjir það væru og kom eftirfarandi fram:

- Í samstarfi við sérkennara.
- Ráðgjafi.
- Það má segja að allir ofangreindir koma að því.
- Þroskaþjálfari (nefnt þrisvar).

Starfsánægja

Eins sjá má á mynd 19 líkaði um 93% stuðningsfulltrúa mjög eða frekar vel við starf sitt.



Mynd 19. Hversu vel stuðningsfulltrúum líkar við starf sitt

Þessar niðurstöður eru mjög jákvæðar og koma ekki á óvart þegar svörin við næstu spurningu eru skoðuð en þar voru stuðningsfulltrúarnir beðnir um að nefna hvað þeim þætti skemmtilegast við starf sitt. Þetta var opin spurning og sjá má svör stuðningsfulltrúa í viðauka 2. Almennt má segja að það sem þeim þótti skemmtilegast við starfið sitt var það að vinna með börnunum og sjá árangur hjá þeim börnum sem þeir unnu með. Einnig voru þeir ánægðir með hversu fjölbreytt starfið var og gefandi.

Að lokum voru stuðningsfulltrúarnir spurðir að því hvort það væri eitthvað annað sem þeir vildu taka fram. Þetta var einnig opin spurning og sjá má svör stuðningsfulltrúanna í viðauka 3. Það sem kom helst fram þar var að starfið væri krefjandi og álag of mikið. Sumir vildu eiga kost á heilsársráðningu og/eða 100% starfi sem stuðningsfulltrúi. Nýta mætti menntun stuðningsfulltrúa sem og starfskrafta þeirra betur en gert væri nú.

Samantekt

Hér hefur verið lýst niðurstöðum greiningar á störfum stuðningsfulltrúa í grunnskólum Reykjavíkur. Í henni tóku þátt 106 starfandi stuðningsfulltrúar skólaárið 2005-2006 en könnunin var lögð fyrir í lok þess skólaárs.

Rúmlega þriðjungur stuðningsfulltrúanna hafði lokið námi sem er sérsniðið fyrir stuðningsfulltrúa og nokkrir voru enn í því námi. Menntunarlegur bakgrunnur stuðningsfulltrúa var annars fjölbreyttur.

Fáir voru í fullu starfi sem stuðningsfulltrúar og rúmlega helmingur var í 50-75% starfi. Um fjórðungur var í 76-99% starfi. Rúmlega fjórðungur stuðningsfulltrúanna var í öðru starfi innan skólans til að auka starfshlutfall sitt. Þetta gæti bent til þess að einhver hluti stuðningsfulltrúa hefði áhuga á hærra starfshlutfalli sem stuðningsfulltrúi en nú býðst.

Flestir stuðningsfulltrúarnir unnu við heildstæðan skóla eða skóla með yngsta og miðstig. Mikill meirihluti stuðningsfulltrúanna vann með 1.-4. bekk og því næst með 5.-7. bekk.

Þegar stuðningsfulltrúarnir merktu við einstaka verkþætti í starfslýsingu stuðningsfulltrúa kom í ljós að flestir stuðningsfulltrúarnir unnu daglega eða tvisvar til þrisvar í viku að verkefnum *samkvæmt leiðbeiningum eða áætlunum kennara*. Þegar skoðuð voru atriði er tengdust *hegðun nemenda og samskiptum við þá* var hegðunarmótun mjög áberandi í starfinu. Heldur færri stuðningsfulltrúar sinntu daglegri *aðstoð við nemendur* og lítið var um að stuðningsfulltrúar tækju þátt í *áætlanagerð og fundum vegna nemenda*.

Í heildina má þó segja að starfslýsing sem gefin var út fyrir stuðningsfulltrúa árið 1999 hafi staðist nokkuð vel og sé enn í fullu gildi. Helst var ábótavant að stuðningsfulltrúarnir tækju meiri þátt í samstarfi og fundum vegna nemenda sinna sem gert er ráð fyrir í starfslýsingu.

Aðeins um þriðjungur stuðningsfulltrúa sagðist fá tíma til þess að skoða og kynna sér það námsefni sem nemendur þeirra unnu með.

Sérstaka athygli vakti að um þriðjungur stuðningsfulltrúa sagðist *sjaldan* eða *aldrei* fá fullnægjandi upplýsingar um mikilvæga atburði eða breytingar innan skólans er varðaði starf þeirra. Aðeins um fjórðungur stuðningsfulltrúa taldi sig *alltaf* fá slíkar upplýsingar.

Við upphaf starfs reyndust fáir hafa fengið bæði kynningu á starfinu og séð starfslýsingu fyrir starf stuðningsfulltrúa. Hjá nokkrum var hvorugt þessara atriða til staðar.

Meirihluti stuðningsfulltrúanna töldu sig hafa hlotið næga þjálfun í starfi. Það sem þeir töldu sig þurfa helst þjálfun í var agastjórnun en hegðunarmótun var mjög áberandi í starfi stuðningsfulltrúa. Einnig taldi stór hluti stuðningsfulltrúa sig þurfa meiri þjálfun varðandi börn með námsörðugleika, ofvirk börn, barnasálfræði og börn með fatlanir.

Um 93% stuðningsfulltrúa líkaði vel við starf sitt og fannst það að vinna með börnunum og að sjá árangur starfs síns vera það skemmtilegasta við stuðningsfulltrúastarfið. Fram kom hjá stuðningsfulltrúunum að æskilegt væri að eiga kost á 100% starfi og heilsársráðningu. Jafnframt að kennarar þyrftu að fá meiri upplýsingar um störf stuðningsfulltrúa og mættu nýta

sér stuðning þeirra betur. Þátttakendum fannst störf stuðningsfulltrúa mjög oft vanmetin innan skólans.

Lokaorð

Almennt má segja að stuðningsfulltrúar séu fremur ánægðir í starfi. Þeim fundust kröfur til þeirra í starfi raunhæfar og töldu að þekking þeirra og hæfileikar nýttust vel í starfinu. Stuðningsfulltrúarnir í þessari könnun höfðu áhuga á starfi sínu og viðhorf þeirra til starfsins og barnanna sem þeir eru að vinna með var jákvætt. Það sést einna best á því að þeir voru tilbúnir til að leggja allnokkuð á sig til að þróast í starfi, en rúmlega helmingur þeirra stuðningsfulltrúa sem svöruðu höfðu stundað nám (lokið því að fullu eða hluta til) sem er sérsniðið fyrir stuðningsfulltrúa.

Starfslýsing stuðningsfulltrúa sem gerð var árið 1999 stendur enn fyrir sínu en þó mætti skerpa aðeins á henni í skólum almennt. Nokkuð bar á því að stuðningsfulltrúar væru ekki vissir um hvað hægt væri að ætlast til af þeim og þeim fannst að stundum væri þeim falin of mikil ábyrgð í starfi sínu sem þeir hefðu ekki faglegar forsendur til að standa undir. Þarna áttu þeir til dæmis átt við forfallakennslu.

Það getur líka verið erfið staða fyrir stuðningsfulltrúa að vera settur í aðstæður sem hann telur sig ekki ráða við og geti jafnvel ekki skorast undan verkefninu. Skólastjórnendur verða að taka tillit til þessa við skipulagningu skólastarfsins. Æskilegt væri að hlutverk stuðningsfulltrúa innan stoðkerfis skólans sé vandlega skilgreint og starfslýsing hans gildi innan skólans. Hún sé kynnt bæði stuðningsfulltrúa og þeim er stuðningsfulltrúinn starfar með svo allir aðilar geri sér ljóst hvert er hlutverk og ábyrgð stuðningsfulltrúa.

Ekki var það alveg skýrt hjá öllum stuðningsfulltrúum hver væri yfirmaður þeirra, bæði samkvæmt skipuriti og gagnvart daglegu starfi. Til þess að gera starf stuðningsfulltrúa innan grunnskólans markvissara má velja því fyrir sér hvort æskilegt væri að það væri sett inn á skipurit í öllum skólum hver væri yfirmaður stuðningsfulltrúanna og að sá aðili hafi yfirumsjón með starfi allra stuðningsfulltrúa innan skólans og úthluti þeim verkefnum. Þannig væri best hægt að nýta þekkingu, reynslu og krafta stuðningsfulltrúanna hverju sinni en fram kom hjá stuðningsfulltrúum að sú væri ekki alltaf raunin. Þegar á starfsstöðina er komið gæti það svo verið umsjónarkennari eða annar fagaðili sem verkstýrir daglegu starfi.

Til þess að stuðningsfulltrúar, sem og aðrir starfsmenn, geti sinnt starfi sínu á sem árangursríkastan má ætla að sé mikilvægt að upplýsingaflæði til þeirra sé gott. Þá er átt við bæði frá skólanum og þeim kennara/kennurum sem stuðningsfulltrúinn er að vinna með. Það er erfitt fyrir stuðningsfulltrúana að sinna starfi sínu markvisst ef ekki er ljóst hvaða vandamál er verið að fást við, hvers vegna og hvaða leiðir hafa verið ákveðnar í framhaldinu. Hluti af lausn þessa vandamáls væri að stuðningsfulltrúar sætu oftast samstarfs- og foreldrafundi þegar við á en fram kemur í könnuninni að þrátt fyrir að slíkar fundarsetur séu inni í starfslýsingu stuðningsfulltrúa taka þeir sjaldan þátt í þeim. Stuðningsfulltrúarnir eru oft í samskiptum við nemendur í öðrum aðstæðum en kennarinn og því getur stuðningsfulltrúinn komið með nýja sýn á það hvernig staða nemenda er.

Einnig mætti skoða hvernig hægt væri að bjóða þeim stuðningsfulltrúum sem vilja fullt starf og hvernig auka mætti starfsöryggi stuðningsfulltrúa og minnka líkurnar á að þeir leiti í önnur störf eftir stuttan starfstíma í skólanum. Það tekur nokkurn tíma að komast vel inn í starf

stuðningsfulltrúa í grunnskóla og líklegri er að þeir einstaklingar sem leita eftir starfi sem stuðningsfulltrúar hafi hug á að leggja þetta starf fyrir sig í framtíðinni. Áhugi þátttakenda á starfinu í þessari könnun bendir til þess. Með auknum stöðugleika í hópi stuðningsfulltrúa gæti skapast mikil reynsla og þekking innan skólans sem væri öllum til góða.

Heimildaskrá

Ágúst Ólason (2005). *Ómissandi hlekkur í keðjunni. Rannsókn á starfi stuðningsfulltrúa í grunnskólum, viðfangsefnum og umhverfi*. Óbirt lokaverkefni til B.Ed. prófs. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Karasek, R.A. Jr. (1979). Job Demands, Job Decision Latitude, and Mental Strain: Implications for Job Redesign. *Industrial and Organizational Psychology II*, 24, 335-357.

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík (1998). Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu (2002). Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar (2006). Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkur.

Viðauki 1

Starfslýsing fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum Reykjavíkur

Yfirmaður stuðningsfulltrúa er skólastjóri en hann felur kennara/kennurum daglega verkstjórn.

Starfsvettvangur stuðningsfulltrúa getur verið innan almennra bekkja, sérdeilda eða sérskóla.

Starfslýsing:

Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Starfið tekur mið af þar til gerðri áætlun sem hefur það að markmiði að draga smám saman úr þörf nemanda/nemenda á stuðningi í þeim tilvikum þar sem það er hægt.

Stuðningsfulltrúi:

- aðstoðar nemanda/nemendur við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólastarfi;
- vinnur eftir áætlun sem bekkjarkennari hefur útbúið í samráði við fagstjóra sérkennslu, sálfræðing eða annan ráðgjafa;
- aðstoðar nemanda/nemendur við að ná settum markmiðum samkvæmt aðalnámskrá/einstaklingsnámskrá undir leiðsögn kennara;
- aðlagar verkefni að getu nemandans samkvæmt leiðbeiningum kennara;
- ýtir undir færni og sjálfstæði nemenda í námi og daglegum athöfnum t.d. með því að hvetja þá til að gera sem mest sjálfa og hrósa þeim fyrir viðleitni í þá átt;
- aðstoðar nemendur við að fylgja settum reglum um hegðun, umgengni og vinnubrögð;
- styrkir jákvæða hegðun nemenda samkvæmt umbunarkerfi og vinnur gegn neikvæðri hegðun, t.d. með áminningum og með því að fylgja nemanda tímabundið afsíðis;
- fylgist með og leiðbeinir um rétta líkamsbeitingu nemenda, notkun skriffæra o.s.frv;
- aðstoðar nemanda/nemendur við að klæðast, matast og aðrar athafnir daglegs lífs ef þeir eru ófærir um það sjálfir;
- leitast við að styðja nemendur í félagslegum samskiptum innan og utan kennslustofu;
- veitir nemendum félagslegan stuðning með því að hlusta á frásagnir og reynslu þeirra og spjalla við þá þegar aðstæður leyfa;
- fylgir einum eða fleiri nemendum á ferðum þeirra um skólann, í frímínútum og vettvangsferðum og aðstoðar þá eftir þörfum;
- situr fag- og foreldrafundi eftir því sem við á;
- getur eftir aðstæðum einnig sinnt öðrum nemendum í bekknum, m.a. til að kennari geti aðstoðað nemanda sem þarf séraðstoð og til að draga úr sérstöðu nemenda með sérþarfir;
- annast önnur þau störf sem honum kunna að verða falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfssviðs hans.

Staðfest í apríl 1999

Gerður G. Óskarsdóttir fræðslustjóri

Viðauki 2

Hvað stuðningsfulltrúum þótti skemmtilegast við starf sitt:

- Enginn dagur eins. Fylgjast með þroska barnanna.
- Allt.
- Allt saman get ekki sagt neitt ákveðið.
- Árangur sem næst af unnu starfi.
- Að geta aðstoðað börnin.
- Að geta aðstoðað þá sem þurfa aðstoð og vera með nemendum.
- Að geta hjálpað öðrum og sjá árangur af því.
- Að geta hjálpað þeim sem þurfa á því að halda því að þau verða svo þakklát fyrir það. Og að vinna með krökkum er náttúrulega forréttindi.
- Að hjálpa barni sem á við ADHD að stríða.
- Að hjálpa börnunum.
- Að hlúa að börnum.
- Að kynnast mismunandi einstaklingum og þörfum þeirra og sjá árangur á starfi mínu í krökkunum.
- Að sjá áranginn eftir mikla vinnu með barni.
- Að sjá árangur (4 nefndu).
- Að sjá árangur af starfi mínu og í framförum hjá þeim einstaklingum sem ég er að vinna með.
- Að sjá árangur af starfi sínu með börn sem þurfa mikla aðstoð, bæði námslega og félagslega.
- Að sjá árangur hjá nem, sem verið er að vinna sérstaklega með.
- Að sjá árangur og finna traust nemendanna.
- Að sjá framfarir hjá börnunum og að líðan þeirra sé góð, að þeim líður vel í skólanum.
- Að sjá framfarir hjá nemendum sem maður vinnur með.
- Að sjá hvað það skiptir miklu fyrir börnin að fá þennan stuðning og hvað þau eru þakklát fyrir þann stuðning sem þau fá.
- Að sjá krakkana ná árangri og að ég sé að gera gagn.
- Að sjá þegar börn sem hafa átt gífurlega erfitt líður og gengur vel.
- Að vera með börnum.
- Að vera með börnunum og sjá árangur í starfi.
- Að vera skapandi að finna lausnir fyrir hvert barn.
- Að vinna með börnum það getur líka verið erfitt en er líka mjög gefandi.
- Að vinna með börnunum.
- Að vinna svona náíð með þessum einstaklingum og hafa áhrif á verknað og getu einstaklingsins o.m.fl.
- Aðstoða börnin og sjá framfarir (2 nefndu).
- Bara allt því starfið er svo gefandi og mikil tilbreyting í því frá degi til dags.
- Börnin, staðurinn og fjölbreytnin.
- Fjölbreitt og gaman að eiga við krakkana.
- Fjölbreitt starf og maður þarf að standa sig ef maður er að fylgja einu barni, það gerir meiri kröfur til manns og maður sér meiri árangur af starfi sínu.
- Fjölbreytileikinn (2 nefndu).

- Fjölbreytt og líflegt starf.
- Frábær undirbúningur fyrir nám mitt í kennó. Frábær vinnustaður og góðir krakkar.
- Gefandi starf sem gefur mikið til baka.
- Geta hjálpað börnunum að læra.
- Hjálpa þeim krökkum sem finnst þau þurfa nánari útskýringar, eða meiri hjálp við námsefnið. Gera þau öruggari í félagslegum samskiptum.
- Hvað starfið er gefandi og fjölbreytt.
- Hvað það er gefandi og góður vinnuandi.
- Krefjandi, finnst mjög gaman að kenna og sinna börnum, unglingum.
- Lærdómsríkt og aldrei eins dagur.
- Lífandi vinnustaður og fjölbreytt vinna.
- Litlu hrósin frá nemendunum.
- Litlu skrefin þegar árangur einhver markmið nást.
- Mannlegu samskiptin, að geta hjálpað og reyna að láta gott af sér leiða.
- Mjög gaman að vinna með börnum.
- Mjög gefandi starf (4 nefndu).
- Ná árangri með námið og agann. Hjálpa.
- Nemandinn sem ég vinn með.
- Öll samskiptin við börnin, og aðstoða við námsefnið.
- Rosalega gefandi að vinna með börnum.
- Samskiptin við nemendur almennt í námi og öðru.
- Samstarfið við börnin og sjá árangur af þeim verkefnum sem ég aðstoða þau við.
- Sjá árangur þegar vel gengur.
- Sjá framfarir hjá nemendum.
- Skemmtileg börn og þegar vel gengur hjá þeim.
- Skemmtilegast er þegar árangur næst með þau börn sem þurfa á minni aðstoð að halda.
- Starfa með börnum og sjá árangur þeirra í námi.
- Takast á við ögrandi verkefni.
- Vinna með krökkum og hjálpa þeim sem þurfa á því að halda.
- Vinna með börnum.
- Það að fylgjast með börnunum í daglegu starfi.
- Það er mjög skapandi að vinna með börnum og sjá árangur.
- Þegar árangur er með starfinu bæði námslega og betri hegðun.
- Þegar árangur markmiða næst.
- Þegar börnin ná framförum.
- Þegar börnin taka framförum í námi og treysta mér til að leiðbeina sér.
- Þegar börnunum líður vel í návist minni og maður sér árangur af starfinu sínu :)
- Þegar ég finn að ég get hjálpað einhverjum, honum til gagns.
- Þegar ég sé árangur af starfinu.
- Þegar nemendur vilja ekki fara heim, það sé svo skemmtilegt í skólanum.
- Þegar skjólstæðingar mínir ná árangri.
- Þegar sýnilegur árangur er af starfinu.
- Þegar vel gengur.
- Þegar vel gengur í kennslu.
- Þessi samskipti við allavega börn sem falla ekki alveg inn í normið.
- Þetta eru skemmtilegir krakkar.

Viðauki 3

Annað sem stuðningsfulltrúar vildu taka fram:

- Að stuðningsfulltrúar fái heilsárs ráðningu þ.e.s. launadreifingu eins og um hefur verið samið fyrir okkur. Því miður hafa skólastjórnendur alfarið val um það að segja hvort sé. Það er skiljanlegt að vissu leyti þar sem þörfin getur verið misjöfn milli ára, en samt þurfum við stuðningsfulltrúar einhverja tryggingu gagnvart okkar stöðu.
- Allir þurfa klapp á bakið öðru hvoru.
- Allt of lítil samskipti með öðrum stuðningsfulltrúum, væri gott að hittast vikulega eða hálfsmánaðarlega til að tala saman um starfið.
- Alltof mikið álag. Aldrei stund á milli tíma.
- Auka símenntun sem nýtist í daglegu starfi.
- Að mínu mati ættu stuðningsfulltrúar að fylgja kennaranum meira í daglegum störfum.
- Að námið fyrir stuðningsfulltrúa verði metið launalega.
- Ég er mikið að velta fyrir mér að hætta að starfa við þetta vegna launanna en við hver mánaðarmót á ég við nett „þunglyndi“ að stríða. Takk innilega fyrir mig.
- Ég hef mikinn áhuga á að það nám sem ég hef lokið sem stuðningsfulltrúi verði metið til launahækkunar. Námið gerir mig hæfari starfskraft, ég hef oft betri þekkingu en kennarinn á hvað gera skal fyrir börn sem eiga við örðugleika að stríða, þar sem kennarar hafa almennt ekki fengið þá kennslu sem ég hlaut, það sama á við um stuðningsfulltrúa sem ekki hefur lokið náminu.
- Ég vildi gjarnan fá smá pásu í frímínútum á milli tíma. Mikið væri gott að fá jólafrí og páskafrí eins og kennararnir þar sem við vinnum samhliða. Heilsársráðning væri vel þegin.
- Er í þroskaþjálfanámi sem nýtist mér mjög vel, afar heppileg vinna með námi m.a. vegna fjölbreytninnar.
- Finnst það ÖMURLEGT að það sé ekki hægt að fá 100 % stöðu í grunnskóla sem stuðningsfulltrúi þar sem við eigum ekki rétt á undirbúningstíma nema inní stundaskrá og þess vegna finnst mér vanta samráðstíma með kennurum sem við vinnum mest með.
- Gott samstarf við þá kennara sem ég vinn með.
- Kennarar mættu margir nýta sér stuðning meira en þeir gera.
- Kennarar þurfa að fá meiri upplýsingar um störf stuðningsfulltrúa og hvernig megi nýta þá meira í kennslustofu.
- Mætti vera 100% starf (3 nefndu).
- Mættu vera fleiri námskeið í boði um hvernig á að MEDHÖNDLA einstaklinga með sérþarfir.
- Mér finnst mjög slæmt að menntun skuli ekki leiða til launahækkunar en aðeins starfsaldur hjá borginni. Ég er mest menntaði og lægst launaði stuðningsfulltrúinn á mínum vinnustað.
- Mér finnst mjög spennandi námið í Borgarholtsskóla en það þyrfti að vera hægt að taka þessi fög á kvöldin þessi tími sem námið er hentar ekki mörgum þannig að það væri gott að geta tekið einhver fög í kvöldskóla. Hef einnig farið á námskeið t.d. varðandi einhverf börn o.fl. það hefur reynst afar vel.
- Námskeið t.d. tákni með tali og fl. og að stuðningsfulltrúi fái 100 % starf t.d. með námskeiðum og endurmenntun.

- Of mikið álag, lítil undirbúningur með kennurum, verður að sníða vinnutíma stuðningsfulltrúa að skólaumhverfinu og þeim tíma sem þar er í gangi.
- Skiptast á að vera úti í frímínútum. Deila frímínútum niður á fleiri því það er leiðinlegt að vera úti í öllum frímínútum allt árið.
- Skipulegg vinnuna í samráði við kennara. Venjan er að endurskoða svo planið á 2 -3 mán. fresti. Er annars sjálfstæð i vinnu hef enda mikla reynslu.
- Starf stuðningsfulltrúa er mjög krefjandi og einnig mjög gefandi. Mér finnst að stuðningsfulltrúar ættu að fylgja kennurum meira í sambandi við t.d. jólafrí, páskafrí og fl. Einnig finnst mér að við ættum að sitja fundi með okkar samstarfskennurum.
- Stuðningsfulltrúar ættu að fylgja einu barni úti í frímínútum en ekki heilum skóla.
- Stuðningsfulltrúar mættu gjarnan fá að sitja samráðsfundi sem eru í hverju stigi fyrir sig. Og fá undirbúningstíma til að kynna sér námsefni nemenda.
- Stuðningsfulltrúi er mjög oft látin taka forfallakennslu fyrir kennara og fær ekkert aukalega greitt fyrir það sama á við um frímínútnagæslu og næðisstundir. Kennarar fá greitt aukalega fyrir það en ekki stuðningsfulltrúi.
- Stuðningsfulltrúastarfið líklega vanmetið í mörgum skólum. Tel það þó vera mikilvægur lykil að góðri líðan nemenda við leik og starf innan skólans. Stuðningsfulltrúarnir sjá oft aðra hlið á nemendum en kennarinn og geta nálgast nemendur á öðrum forsendum.
- Það mætti koma á laggirnar stutt námskeið sem kæmu í veg fyrir kulnun í starfi stuðningsfulltrúa. Upprifjanir.
- Það væri gott að fá undirbúningstíma, sem hægt væri að nota til að lesa greiningar barna og fl. Þannig vissi ég meira um þau og gæti hjálpað þeim betur.
- Þegar ég hóf störf sem stuðningsfulltrúi var ekki til starfslýsing .Ég lauk fyrra náminu í Borgarholtsskóla 2001.
- Þessir samningar sem voru gerðir í garð stuðningsfulltrúa núna á síðustu samningsgerð eru út í hött. Ennþá erum við ekki heilsársráðin og þurfum að leita okkur að annarri vinnu yfir sumartíman til að ná endum saman = ekkert sumarfrí eða að hanga á atvinnuleysisbótum! Við ættum að fá sama svigrúm eins og kennarar með vetrarfrí, páska o.fl. frí sem kunna að koma uppá. Og þessi undirbúningstími er ekki virtur á mínum vinnustað. Einnig er ömurlegt og þarf ég bráðum að fara að skrifa um þetta í velvakandann í morgunblaðinu að sumstaðar erum við ráðin í 100% starf en oftast í hálf starf. Þeir sem hafa fengið meira hlutfall fá meiri greiðslu en hinir og gegna eingöngu sömu kennsluskildu og við hin. Þetta flokkast undir einelti að hálfu menntasviðs og borgarinnar. + þá er fáránlegt þessi tillaga af menntunar skipulagningunni sem við vorum að fá í hendurnar um daginn með starfsnámið. Að þurfa vera búin að vinna í 3 ár til að hafa rétt á að sækja þetta nám sem ætti að vera sjálfgefið frá byrjun starfs! Skammist ykkar! Ein/n með mikla reynslu í þessu starfi.
- Þetta er erfitt en samt mjög gefandi starf.
- Þetta starf er mjög gefandi og þroskandi og hefur gert mig að betri manneskju.
- Þetta starf krefst mikillar þolinmæði og er mjög krefjandi.